

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 528 28. desember 1990 um loðnuveiðar.

1. gr.

Aftan við 8. gr. reglugerðarinnar komi ný grein er orðist svo:

Frá 26. október 1991 uns annað verður ákveðið er íslenskum loðnuskipum, sem leyfi hafa til loðnuveiða skv. 1. gr. regl. 528/1990, heimilt að veiða samtals 187.200 lestir af loðnu.

Frá 26. október 1991 eru allar loðnuveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum fyrir Norðurlandi: 1. Fyrir sunnan 67°30'N milli 20°V og 24°V. 2. Fyrir sunnan 67°45'N milli 18°V og 19°V.

2. gr.

Reglugerðarviðauki þessi er settur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og 1. gr. laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. október 1991.

Dorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.